# Isavia ohf.

Samandreginn
árshlutareikningur samstæðu

# 1.1.-30.6.2018

Isavia ohf.
Reykjavíkurflugvelli
101 Reykjavík
kt. 550210-0370

# Isavia ohf.

Samandreginn
árshlutareikningur samstæðu

# 1.1.-30.6.2018

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Könnunaráritun óháðra endurskoðenda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Yfirlit um heildarafkomu | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um eigið fé | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-14 |

# Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

**Til stjórnar og hluthafa í Isavia ohf.**

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar, kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Isavia ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum**
Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

**Umfang könnunar**
Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

**Ályktun**
Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2018 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við IAS 34, árshlutareikningsskil, eins og hann hefur verið samþykktir af Evrópusambandinu.

**Ábending**
Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 13 með árshlutareikningnum þar sem fjallað er um óvissu um innheimtu kröfu á Ríkisskattstjóra vegna virðisaukaskatts.

Kópavogur, 5. september 2018

**Deloitte ehf.**

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

Kristján Þór Ragnarsson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Isavia er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Ríkissjóður er einn hluthafi í félaginu og er heimili og varnarþing þess á Reykjavíkurflugvelli. Isavia ohf. annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýrir jafnframt flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Isavia ohf. er þjónustufyrirtæki í flugvallastarfsemi og flugleiðsögu og leggur grunn að flugsamgöngum Íslands.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Isavia ohf. og dótturfélaga þess, Fríhafnarinnar ehf. Tern Systems ehf., Domavia ehf. og Suluk ApS fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, um árshlutareikninga.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 19.015,4 milljónum króna á tímabilinu. Hagnaður af rekstrinum á sama tíma nam um 1.571 milljón króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir samstæðunnar um 75.836,6 milljónum króna í lok tímabilsins. Eigið fé í lok tímabilsins nam um 32.576,5 milljónum króna. Eiginfjárhlutfall er 42,96%.

Í lok tímabilsins var einn hluthafi í félaginu sem er Ríkissjóður.

Að áliti stjórnar og forstjóra Isavia ohf. koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 30. júní 2018, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2018. Þó ber að benda sérstaklega á að til staðar er óvissa um meðferð innsendra virðisaukaskattsskýrslna hjá Ríkisskattstjóra. Umfjöllun um óvissuna má finna í skýringu 13 með ársreikningnum, en félagið hefur með rökstuddum hætti haldið sjónarmiðum sínum á lofti. Þar til endanlegur úrskurður fellur í málinu verður til staðar óvissa og ef niðurstaðan verður félaginu óhagstæð mun það hafa áhrif á rekstur félagsins. Það er álit stjórnar og forstjóra Isavia ohf. að reikningsskilareglur félagsins séu viðeigandi og að í samstæðuárshlutareikningi þessum sé að finna gott yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, áhættustýringu og helstu óvissuþætti í umhverfi félagsins.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. staðfesta hér með samstæðuárshlutareikning félagsins 30. júní 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 5. september 2018

## Í stjórn

Ingimundur Sigurpálsson
stjórnarformaður

Eva Pandora Baldursdóttir

Matthías Páll Imsland

Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir

Valdimar Halldórsson

## Framkvæmdastjóri

Björn Óli Hauksson

# Yfirlit um heildarafkomu 1.1.-30.6.2018

| | Skýr. | Samstæða 1.1.-30.6.2018 | Samstæða 1.1.-30.6.2017 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 4 | 19.015.393 | 16.916.156 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | (2.957.596) | (2.635.228) |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 5 | (9.309.212) | (8.193.785) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (302.726) | (301.726) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (2.561.911) | (2.259.879) |
| Afskriftir | 8,9 | (1.697.705) | (1.517.671) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 2.186.242 | 2.007.866 |
| Fjármunatekjur | 6 | 88.965 | 117.876 |
| Fjármagnsgjöld | 6 | (545.732) | (489.263) |
| Gengismunur | 6 | 193.700 | 201.949 |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | 1.923.176 | 1.838.428 |
| Tekjuskattur | 7 | (352.190) | (355.945) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | | 1.570.985 | 1.482.483 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2018

| Eignir | | Samstæða | |
|---|---|---|---|
| | Skýr. | 30.06.2018 | 31.12.2017 |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 8 | 55.768.658 | 54.331.542 |
| Óefnislegar eignir | 9 | 5.073.663 | 5.173.155 |
| Skuldabréfaeign | 11 | 166.777 | 188.262 |
| | | 61.009.099 | 59.692.959 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | 12 | 675.998 | 546.721 |
| Viðskiptakröfur | 13 | 6.090.476 | 4.653.881 |
| Næsta árs hluti langtímakrafna | 11 | 37.372 | 36.964 |
| Aðrar skammtímakröfur | 13 | 5.651.118 | 4.516.482 |
| Handbært fé | 13 | 2.372.491 | 3.101.287 |
| | | 14.827.455 | 12.855.335 |
| **Eignir** | | 75.836.554 | 72.548.293 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 30.06.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 14 | 5.589.063 | 5.589.063 |
| Lögbundinn varasjóður | | 2.483.798 | 2.483.798 |
| Sérstakur endurmatsreikningur | | 44.345 | 45.007 |
| Þýðingarmunur | | (7) | 0 |
| Óráðstafað eigið fé | | 24.459.258 | 22.887.611 |
| Eigið fé | | 32.576.458 | 31.005.480 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 15 | 23.175.274 | 25.515.178 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 16 | 2.083.539 | 2.056.586 |
| | | 25.258.813 | 27.571.764 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 17 | 2.615.019 | 2.276.999 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 1.882.133 | 0 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 15 | 9.818.186 | 8.223.715 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 7 | 325.237 | 898.152 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 17 | 3.360.707 | 2.572.183 |
| | | 18.001.282 | 13.971.050 |
| Skuldir | | 43.260.095 | 41.542.814 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 75.836.554 | 72.548.293 |

# Yfirlit um eigið fé 1.1.-30.6.2018

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Endurmats-reikningur | Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 2017 ....................... | 5.589.063 | 2.483.798 | 46.331 | 0 | 18.937.671 | 27.056.864 |
| Endurmat afskrifað ........................... | 0 | 0 | (662) | 0 | 662 | 0 |
| Heildarafkoma tímabilsins ................ | 0 | 0 | 0 | (30) | 0 | (30) |
| Eigið fé 30. júní 2017 ........................ | 5.589.063 | 2.483.798 | 45.669 | (30) | 18.938.333 | 27.056.833 |
| | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2018 ....................... | 5.589.063 | 2.483.798 | 45.007 | 0 | 22.887.611 | 31.005.480 |
| Endurmat afskrifað .......................... | 0 | 0 | (662) | 0 | 662 | 0 |
| Þýðingarmunur .................................. | 0 | 0 | 0 | (7) | 0 | (7) |
| Heildarafkoma tímabilsins ................ | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.570.985 | 1.570.985 |
| Eigið fé 30. júní 2018 ........................ | 5.589.063 | 2.483.798 | 44.345 | (7) | 24.459.258 | 32.576.458 |

Engin arðgreiðsla var á tímabilinu til hluthafa. Allt hlutafé er innborgað.

# Yfirlit um sjóðstreymi 1.1.-30.6.2018

| | Skýr. | Samstæða 1.1.-30.6.2018 | Samstæða 1.1.-30.6.2017 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 2.186.242 | 2.007.866 |
| Afskriftir | 8,9 | 1.697.705 | 1.517.671 |
| Breyting varúðarniðurfærslu skammtímaliða | | 31.242 | 38.825 |
| Söluhagnaður fastafjármuna | | 2.491 | (7.045) |
| **Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 3.917.680 | 3.557.317 |
| Vörubirgðir (hækkun) | | (130.941) | (81.468) |
| Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun) | | (2.467.555) | (4.258.240) |
| Rekstrartengdar skuldir hækkun | | 568.028 | 2.186.869 |
| **Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 1.887.212 | 1.404.478 |
| Innborgaðir vextir og arður | | 71.433 | 74.020 |
| Greiddir vextir | | (511.785) | (511.144) |
| Greiddir skattar | | (457.195) | (204.313) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 989.665 | 763.041 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjárm. og óefnislegar eignir | 8,9 | (3.037.822) | (7.677.915) |
| Afborganir skuldabréfa | | 22.244 | 21.298 |
| | | (3.015.578) | (7.656.618) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Nýjar lántökur | | 0 | 3.959.661 |
| Afborganir langtímaskulda | | (562.734) | (672.599) |
| Hækkun á skammtímaskuldum við lánastofnanir | | 1.882.133 | 0 |
| | | 1.319.399 | 3.287.062 |
| Hækkun (Lækkun) handbærs fjár | | (706.515) | (3.606.514) |
| Handbært fé í upphafi tímabils | 13 | 3.101.287 | 5.830.506 |
| Gengismunur handbærs fjár | | (22.281) | (69.336) |
| Handbært fé í lok tímabilsins | | 2.372.491 | 2.154.656 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Isavia ohf. var stofnað í ársbyrjun 2010 með samruna Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili og varnarþing félagsins á Reykjavíkurflugvelli.

Isavia ohf. annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýrir jafnframt flugumferð í íslenska flugstjórnarsvæðinu sem er 5,4 milljónir ferkílómetrar að stærð og eitt það stærsta í heiminum. Eitt af hlutverkum Isavia ohf. er að tryggja að flugöryggi sé í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar öryggiskröfur og aðferðir.

Samstæðuárshlutareikningurinn nær til Isavia ohf. og dótturfélaga þess. Félög innan samstæðunnar eru auk Isavia ohf., Fríhöfnin ehf., Tern Systems ehf., Domavia ehf. og Suluk ApS.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Isavia ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur Isavia ohf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2017.

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2017 að því undanskildu að tveir nýir reikningsskilastaðlar (IFRS 9 og IFRS 15) tóku gildi 1. janúar 2018.. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá fyrirtækinu eða á vef þess; www.isavia.is.

Tveir nýir reikningsskilastaðlar, IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini og IFRS 9 Fjármálagerningar tóku gildi í ársbyrjun 2018. IFRS 15 inniheldur nýjar reglur um skráningu tekna og auknar kröfur um upplýsingagjöf varðandi tekjuskráningu. Staðallinn byggir á þeirri meginreglu að tekjufærsla skuli endurspegla það gagngjald sem félag væntir við yfirfærslu á vöru eða þjónustu til viðskiptavinar og setur fram fimm skrefa líkan við innleiðingu fyrrnefndrar meginreglu. Áhrif af upptöku IFRS 15 eru óveruleg á reikningsskil samstæðunnar að öðru leyti en því að sundurgreining tekna er nú ítarlegri, samanber skýringu 4. IFRS 9 setur fram nýjar reglur við flokkun og mat fjármálagerninga. Áhrif af upptöku IFRS 9 á reikningsskil samstæðunnar takmarkast við óverulega breytingu í mati á niðurfærslu viðskiptakrafna.

### Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að ein eign fastafjármuna sé endurmetin.

## 3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.
Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- varanlegir rekstrarfjármunir
- óefnislegar eignir
- vörubirgðir
- viðskiptakröfur
- tekjuskattskuldbinding

## 4. Rekstrartekjur

| Rekstrartekjur greinast þannig: | 1.1.-30.6.2018 | 1.1.-30.6.2017 |
|---|---|---|
| Tekjur Flugleiðsögu | 3.151.594 | 2.771.322 |
| Tekjur Innanlandskerfis | 1.252.731 | 1.151.070 |
| Tekjur Keflavíkurflugvallar | 8.011.311 | 6.982.483 |
| Tekjur annarra starfsþátta | 64.603 | 81.620 |
| Tekjur af vörusölu | 6.071.628 | 5.430.049 |
| Tekjur aðrar | 463.526 | 499.610 |
| | 19.015.393 | 16.916.156 |

## Skýringar

### 5. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 1.1.-30.6.2018 | 1.1.-30.6.2017 |
|---|---|---|
| Laun | 6.962.241 | 6.188.851 |
| Lífeyrissjóðir, mótframlag | 1.063.018 | 760.160 |
| Tryggingagjald | 543.890 | 471.316 |
| Önnur launatengd gjöld | 113.744 | 95.168 |
| Orlofs- og lífeyrisskuldbinding, breyting | 409.264 | 475.127 |
| Eignfærður launakostnaður | (191.558) | (138.946) |
| Annar starfsmannakostnaður | 408.614 | 342.108 |
| | 9.309.212 | 8.193.785 |

### 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

**Fjármunatekjur:**

| | 1.1.-30.6.2018 | 1.1.-30.6.2017 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 30.447 | 59.484 |
| Vaxtatekjur af fjáreignum sem ætlað er að halda til gjalddaga | 7.317 | 6.791 |
| Aðrar vaxtatekjur | 51.201 | 51.600 |
| | 88.965 | 117.876 |

**Fjármagnsgjöld:**

| | 1.1.-30.6.2018 | 1.1.-30.6.2017 |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld og verðbætur | (506.558) | (444.785) |
| Þóknanir innheimtufyrirtækja | (33.153) | (41.531) |
| Dráttarvaxtagjöld | (6.021) | (2.946) |
| | (545.732) | (489.263) |

**Gengismunur:**

| | 1.1.-30.6.2018 | 1.1.-30.6.2017 |
|---|---|---|
| Gengismunur | 193.700 | 201.949 |

### 7. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 352,2 milljónum króna en áætlaður tekjuskattur til greiðslu vegna afkomu tímabilsins nemur um 325,2 milljónum króna.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

| | 1.1.-30.6.2018 | | 1.1.-30.6.2017 | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | % | Fjárhæð | % |
| Hagnaður fyrir skatta | 1.923.176 | | 1.838.428 | |
| Skatthlutfall | (384.635) | 20,0% | (367.686) | 20,0% |
| Aðrir liðir | 32.445 | -1,8% | 11.741 | -0,6% |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | (352.190) | 18,3% | (355.945) | 19,4% |

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Fasteignir og listaverk | Flughlöð og bílastæði | Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | | |
| Staða í upphafi tímabils | 34.288.611 | 17.270.898 | 4.876.427 | 13.267.732 | 69.703.669 |
| Endurflokkað | 0 | 0 | 0 | 3.606 | 3.606 |
| Eignfært á tímabilinu | 607.739 | 766.043 | 78.597 | 1.519.490 | 2.971.869 |
| Selt og aflagt á tímabilinu | 0 | 0 | 0 | (28.691) | (28.691) |
| Staða í lok tímabils | 34.896.351 | 18.036.941 | 4.955.024 | 14.762.137 | 72.650.453 |
| **Afskriftir** | | | | | |
| Staða í upphafi tímabils | 7.022.519 | 2.051.906 | 2.450.356 | 3.847.348 | 15.372.129 |
| Afskrift tímabilsins | 459.672 | 336.117 | 150.287 | 585.084 | 1.531.159 |
| Selt og aflagt á tímabilinu | 0 | 0 | 0 | (21.491) | (21.491) |
| Staða í lok tímabils | 7.482.191 | 2.388.022 | 2.600.643 | 4.410.940 | 16.881.797 |
| **Bókfært verð** | | | | | |
| Bókfært verð í upphafi tímabils | 27.266.092 | 15.218.993 | 2.426.071 | 9.420.385 | 54.331.540 |
| Bókfært verð í lok tímabilsins | 27.414.160 | 15.648.919 | 2.354.381 | 10.351.197 | 55.768.656 |
| Afskriftarhlutföll | 2-14% | 2-20% | 5-35% | 7-33% | |

Áætlaður nýtingartími varanlegra rekstrarfjármuna er eftirfarandi:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fasteignir og listaverk | 7-100 ár | | | |
| Flughlöð og bílastæði | | 5-50 ár | | |
| Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður | | | 3-20 ár | |
| Aðrar eignir | | | | 3-20 ár |

Upplýsingar um endurmetnar fasteignir í lok tímabilsins:

| | 30.6 2018 | 31.12 2017 |
|---|---|---|
| Endurmetið bókfært verð | 114.210 | 112.712 |
| Þar af áhrif sérstakt endurmats | (55.694) | (54.887) |
| Bókfært verð án áhrifa endurmats | 58.516 | 57.825 |

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í lok tímabilsins greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat |
|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir | 23.674.560 | 52.593.333 |
| Vélar og tæki, eignatryggingar | | 10.803.841 |
| Aðrar lausafjártryggingar | | 692.686 |
| Rekstrarstöðvunartrygging | | 15.975.126 |

## 9. Óefnislegar eignir

| | Afnotasamn. um mannvirki | Afnotasamn. um flugbrautir | Hugbúnaður og þróunarkostnaður | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða í upphafi tímabils | 477.035 | 5.706.000 | 1.365.397 | 7.548.432 |
| Endurflokkað | 0 | 0 | (3.606) | (3.606) |
| Eignfært á tímabilinu | 0 | 0 | 70.660 | 70.660 |
| Staða í lok tímabils | 477.035 | 5.706.000 | 1.432.452 | 7.615.487 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Staða í upphafi tímabils | 143.110 | 1.711.800 | 520.367 | 2.375.277 |
| Afskrift tímabilsins | 7.995 | 95.626 | 62.925 | 166.546 |
| Staða í lok tímabils | 151.105 | 1.807.426 | 583.292 | 2.541.824 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð í upphafi tímabils | 333.925 | 3.994.200 | 845.030 | 5.173.155 |
| Staða í lok tímabils | 325.930 | 3.898.574 | 849.160 | 5.073.663 |
| Afskriftarhlutföll | 3,3% | 3,3% | 0-10% | |

Þróunarkostnaður að fjárhæð um 62,5 milljónir króna vegna vinnu við þróun hugbúnaðar sem ætlaður er til sölu á heimsmarkaði á næstu árum var eignfærður á árunum 2012 til 2015. Um er að ræða eignfærslu á einni hugbúnaðarvöru félagsins sem nefnd er Tern ATC System eða TAS en þessi hugbúnaður skiptist í nokkra hluta. Þróun hugbúnaðarins lauk á seinni hluta árs 2015 og er hann tilbúinn til sölu og kominn í notkun hjá viðskiptavinum. Stjórnendur félagsins hafa metið að þessi eign hafi ekki orðið fyrir virðisrýrnun. Annar hugbúnaður er aðkeyptur og er áætlaður líftími hans 3 - 20 ár.

Samkvæmt samningi milli Keflavíkurflugvallar ohf., nú Isavia ohf. og Varnamálastofnunar, nú Landhelgisgæslu Íslands sem undirritaður var 22. apríl 2009 tók félagið yfir afnot til næstu 30 ára frá ársbyrjun 2009 að telja, á tilgreindum flugvallarmannvirkjum og búnaði á mannvirkjaskrá NATO á Keflavíkurflugvelli. Ekki er innheimt sérstakt endurgjald fyrir afnot mannvirkjanna en félagið skal standa straum af öllum kostnaði við daglegan rekstur og viðhald þeirra, þannig að tryggt sé að ástand þeirra sé í samræmi við samþykkt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Landshelgisgæslan f.h. NATO hefur rétt til afnota á mannvirkjunum. Afnotarétturinn er gjaldfærður hlutfallslega yfir leigutímann.

## 10. Samstæða

Samstæða Isavia ohf. samanstendur af eftirfarandi dótturfélögum:

| | Hlutdeild | Nafnverð | Meginstarfsemi |
|---|---|---|---|
| **Eignarhlutar í dótturfélögum:** | | | |
| Fríhöfnin ehf., Keflavíkurflugvelli | 100,00% | 50.000 | Verslunarstarfssemi |
| Tern Systems ehf., Kópavogi | 100,00% | 80.000 | Hugbúnaðargerð og ráðgjöf |
| Domavia ehf., Reykjavík | 100,00% | 500 | Fasteignarekstur |
| Suluk ApS - Grænland | 100,00% | 1.999 | Þjónusta flugumferðarstjóra |

## 11. Skuldabréfaeign

| | 30.6.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Skuldabréfalán | 204.149 | 225.226 |
| Næsta árs afborgun | (37.372) | (36.964) |
| | 166.777 | 188.262 |

Afborganir skuldabréfaeignar og langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

| | 30.6.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Tímabilið 1.7 2018 - 30.6 2019 / 1.1 2018 - 31.12 2018 | 37.372 | 36.964 |
| Tímabilið 1.7 2019 - 30.6 2020 / 1.1 2019 - 31.12 2019 | 37.704 | 37.277 |
| Tímabilið 1.7 2020 - 30.6 2021 / 1.1 2020 - 31.12 2020 | 38.050 | 37.605 |
| Tímabilið 1.7 2021 - 30.6 2022 / 1.1 2021 - 31.12 2021 | 38.413 | 37.947 |
| Tímabilið 1.7 2022 - 30.6 2023 / 1.1 2022 - 31.12 2022 | 23.791 | 38.305 |
| Tímabilið 1.7 2023 - 30.6 2024 / 1.1 2023 - 31.12 2023 | 9.187 | 8.678 |
| Afborganir síðar | 19.632 | 28.449 |
| | 204.149 | 225.226 |

## 12. Vörubirgðir

| | 30.6.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Vörur til endursölu | 563.163 | 538.977 |
| Vörur í flutningi | 126.596 | 19.841 |
| Varúðarniðurfærsla | (13.761) | (12.097) |
| | 675.998 | 546.721 |
| | | |
| Tryggingaverðmæti birgða | 686.549 | 686.549 |

## 13. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 30.6.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 4.184.257 | 2.963.459 |
| Erlendar viðskiptakröfur | 807.806 | 645.247 |
| Verksamningar | 1.370 | 109.165 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (161.603) | (132.026) |
| Viðskiptakrafa vegna Joint Finance samningsins | 1.258.646 | 1.068.034 |
| | 6.090.476 | 4.653.881 |

**Virðisrýrnun**

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla á reikningsskiladegi voru eftirfarandi:

| | 30.6 2018 | | 31.12 2017 | |
|---|---|---|---|---|
| | Brúttó staða | Niðurfærsla | Brúttó staða | Niðurfærsla |
| Ógjaldfallnar kröfur | 3.397.068 | 59.343 | 2.007.007 | 24.914 |
| 1-90 daga | 1.210.705 | 31.362 | 1.471.454 | 56.057 |
| 91-180 daga | 74.205 | 14.363 | 183.902 | 24.787 |
| 181-270 daga | 166.324 | 14.326 | 30.367 | 17.682 |
| 271 daga og eldri | 145.130 | 42.209 | 25.141 | 8.585 |
| | 4.993.432 | 161.603 | 3.717.872 | 132.026 |

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

| | 30.6.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Staða í upphafi tímabils | (132.026) | (58.289) |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (29.578) | (73.737) |
| Staða í lok tímabilsins | (161.603) | (132.026) |

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 30.6.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 4.978.549 | 4.005.085 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 102.725 | 96.191 |
| Fjármagnstekjuskattur | 39.799 | 34.709 |
| Ógreiddir óinnheimtir vextir | 27.559 | 0 |
| Fyrirframgreidd laun | 56.419 | 60.032 |
| Aðrar kröfur | 446.066 | 320.464 |
| | 5.651.118 | 4.516.482 |

## 13. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Krafa félagsins vegna virðisaukaskatts samanstendur aðallega af óafgreiddum innsendum virðisaukaskattsskýrslum hjá ríkisskattstjóra fyrir tímabilin frá september 2016 til júní 2018. Rikisskattstjóri hefur dregið í efa réttmæti þeirrar forsendu virðisaukaskráningar félagsins að félagið þjónusti millilandaför á Keflavíkurflugvelli sbr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt og félagið njóti því ekki svokallaðs núllskatts þ.e. fái endurgreiddan virðisaukaskatt af keyptum aðföngum og þjónustu en skili ekki útskatti. Félagið er algerlega ósammála ríkisskattstjóra og telur að þessi mikilvæga forsenda hafi legið fyrir við upphaf skráningar félagsins á virðisaukaskrá og stofnun félagsins. Ríkisskattstjóri hefur ekki fellt úrskurð í málinu.
Ef niðurstaða málsins verður félaginu í óhag þá eru áhrifin veruleg fyrir félagið. Áhrifin á rekstur og efnahag væru neikvæð um 797 milljónir króna í rekstri, um 4.174 milljónir króna til hækkunar á varanlegum rekstrarfjármunum en samsvarandi lækkun á öðrum skammtímakröfum og um 637 milljónir króna til lækkunar á eigið fé.

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 30.6.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Bankainnstæður í íslenskum krónum | 1.328.287 | 1.354.884 |
| Bankainnstæður í erlendri mynt | 1.034.120 | 1.738.149 |
| Sjóður | 10.084 | 8.254 |
| | 2.372.491 | 3.101.287 |

## 14. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

| | Hlutir | Hlutfall | Fjárhæð |
|---|---|---|---|
| Heildarhlutafé í lok tímabilsins | 5.589.063 | 100,0% | 5.589.063 |

Eitt atkvæði fylgir hlut ríkisins. Fjármálaráðherra fer með hlut íslenska ríkisins í félaginu. Allt hlutafé er að fullu greitt.

## 15. Langtímaskuldir

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|
| | 30.6.2018 | 31.12.2017 |
| Skuldir í EUR | 24.074.961 | 24.611.729 |
| Skuldir í USD | 2.731.076 | 2.764.134 |
| Skuldir í ISK | 6.187.423 | 6.363.030 |
| | 32.993.460 | 33.738.894 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (9.818.186) | (8.223.715) |
| Langtímaskuldir í lok tímabilsins | 23.175.274 | 25.515.178 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|
| | 30.6.2018 | 31.12.2017 |
| Afborganir 1.7.2018 - 30.6.2019 / 1.1.2018 - 31.12.2018 | 9.818.186 | 8.223.715 |
| Afborganir 1.7.2019 - 30.6.2020 / 1.1.2019 - 31.12.2019 | 3.043.183 | 4.634.826 |
| Afborganir 1.7.2020 - 30.6.2021 / 1.1.2020 - 31.12.2020 | 1.399.712 | 1.409.903 |
| Afborganir 1.7.2021 - 30.6.2022 / 1.1.2021 - 31.12.2021 | 1.361.413 | 1.416.623 |
| Afborganir 1.7.2022 - 30.6.2023 / 1.1.2022 - 31.12.2022 | 1.319.404 | 1.332.836 |
| Afborganir síðar | 16.051.561 | 16.720.991 |
| | 32.993.460 | 33.738.894 |

## 16. Reiknuð tekjuskattsskuldbinding

| | Tekjuskatts-skuldbinding |
|---|---|
| Staða í upphafi tímabilsins | 2.056.586 |
| Tekjuskattur til greiðslu á tímabilinu | (325.237) |
| Reiknaður tekjuskattur á tímabilinu | 352.190 |
| Staða í lok tímabilsins | 2.083.539 |

| **Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:** | Tekjuskatts-skuldbinding |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 2.116.304 |
| Veltufjáreignir | 5.372 |
| Frestaður gengismunur | (30.612) |
| Aðrir liðir | 11.800 |
| Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi | (19.326) |
| | 2.083.539 |

## 17. Aðrar peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | 30.6.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 2.130.722 | 1.890.185 |
| Erlendar viðskiptaskuldir | 484.298 | 386.814 |
| | 2.615.019 | 2.276.999 |

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 30.6.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 28.024 | 23.596 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 136.312 | 143.023 |
| Ógreidd opinber gjöld | 440.957 | 0 |
| Ógreitt viðbótarframlag í lífeyrissjóð | 87.529 | 292.551 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 764.303 | 645.885 |
| Ógreidd orlofsskuldbinding | 1.599.540 | 1.227.694 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 151.208 | 150.669 |
| Ólokinn verksamningur | 48.346 | 455 |
| Aðrar skuldir | 104.489 | 88.311 |
| | 3.360.707 | 2.572.183 |

**Næsta árs afborganir langtímaskulda**

| | 30.6.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 9.818.186 | 8.223.715 |
| | 9.818.186 | 8.223.715 |

## 18. Aðrar skuldbindingar

Félagið hefur gengist í ábyrgð fyrir bankaábyrgð dótturfélagsins Tern System ehf. að fjárhæð um 1,6 milljón króna USD vegna verksamninga dótturfélagsins.

## 19. Samþykki árshlutareiknings

Samandregni árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 5. september 2018.